

Fundur skóla- og foreldraráðs Árskógar skóla 11. september 2015

Mættir: Gunnþór, Elín, Helga Ester, Gerður, Valdís Erla, Margrét Ágústa og Aníta Rut

1. Gunnþór kynnti þá fulltrúa sem sitja í ráðinu í vetur og fyrir hvað þeir sitja:
Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri
Helga Ester Snorradóttir, fulltrúi grunnskólakennara
Gerður Olofsson, fulltrúi leikskólakennara
Elín Lárusdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Aníta Rut Arnþórsdóttir, fulltrúi nemenda
Margrét Ágústa Arnþórsdóttir, fulltrúi foreldra barna á leikskólaaldri
Valdís Erla Eiríksdóttir, fulltrúi foreldra barna á grunnskólaaldri

2. Farið var yfir hlutverk ráðsins en þau má sjá á heimasíðu skólans undir liðnum Foreldrafélag og skólaráð

3. Þrjár fundir eru haldnir yfir veturinn en auk þeirra má kalla ráðið saman ef aðkallandi verkefni liggja fyrir

4. Gunnþór kom inn á rekstur skólans sem gengur vel og jafnvægi komið á eftir 3ja ára rekstur.

Árið 2014 var kostnaður við skólann 82 milljónir

Áætlaður kostnaður fyrir árið 2015 er 87 milljónir

Áætlaður kostnaður fyrir árið 2016 er 85 milljónir en þar er enn margt óljóst ekki síst v/lausra samninga á vinnumarkaði

Um 18% af rekstri skólans fer í rekstur húsnæðis

Um 60% af rekstri fer í launakostnað

5. Búið er að samþykkja Skólanámskrá/starfsáætlun Árskógar skóla fyrir árið 2015 - 2016 en þar má m.a. finna sögu skólans, stefnu hans og áætlanir (sjá nánar á heimasíðu skólans). Þá er „árganganámskrá“ tilbúin en hún greinir m.a. frá því hvaða viðmið eru notuð við nám og kennslu, skipulag, markmið og leiðir. Árganganámskrá grunnskólans er þannig upp sett að grunnskólinn í heild er settur saman en ekki er tilgreindur hver árgangur fyrir sig sökum fámennra bekkjardeilda. Þá gerir hver kennari á grunnskólastigi kennsluáætlun og verða þær áætlanir einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans

Að þessu viðbættu kynnti Gunnþór einnig starfsáætlun fræðslu- og menningarsviðs en þar má m.a. finna hlutverk sviðsins, áætlanir og helstu verkefni hvers skóla í Dalvíkurbyggð.

6. Eitt af því sem stefnt er að í sveitarfélaginu er að allir skólar verði heilsueflandi menntastofnanir og er í því sambandi komið inn á næringu, hreyfingu og almennan líðan og að þessir þættir verði hafðir í fyrirrúmi. Katrín Fjóla frá Dalvíkurskóla fór á námskeið er varðar heilsueflandi skóla og verða niðurstöður kynntar á fundi fljótlega. Þar verður tekið saman hvað þarf til svo að af þessu megi verða og hvaða breytingar séu nauðsynlegar.
7. Engin samkennsla skólastiganna mun fara fram í vetur þar sem engin börn á Kötlu koti eru í elsta árg. leikskólastigs. Þó munu nemendur úr grunnskólanum fara yfir á Kötlu kot x1 í viku og lesa fyrir börnin.
8. Krístrún kennari hefur formlega hætt kennslu sökum aldurs en hún mun engu að síður koma til okkar ca. x1 í viku á miðvikudögum og vera nokkurs konar lestraramma skólans ☺
9. Gunnþór benti á að ýmsar áætlanir s.s. er varða jarðskjálfta, rýmingar skólahúsnæðis, áföll ofl. sé að finna á heimasíðu skólans og gagnlegt sé að lesa þessar áætlanir yfir. Þá er rýmingaræfingu skólans ný lokið og gekk hún í alla staði mjög vel. Bæði var æft í skólahúsnæði og félagsheimili (íprótta- og matsal)
10. Umræða skapaðist á fundinum um stöðu skólans í samfélaginu v/fárra nemenda og hvort skólinn væri í hættu af þeim sökum. Gunnþór benti á að þetta væri í rauninni stanslaus varnarbarátta fámennra samfélaga, okkar skóli væri í raun ekki í neinni hættu en vert væri þó að skoða málin á hverju ári fyrir sig. Við vorum sammála því að halda ótrauð áfram, Árskógarskóli er góður skóli, starfsmannahald stöðugt og ekki er gert ráð fyrir að fækka starfsfólki að svo stöddu.

Fundi slitið kl. 9:00

Fundargerð ritaði Gerður Olofsson